

# STJÓRNARTÍÐINDI B 42 – 2001

5. apríl 2001

691

Nr. 312

## AUGLÝSING

**um umferð í Hafnarfirði.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjaryfirvalda í Hafnarfirði hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð í Hafnarfirði:

Að biðskylda verði sett á Norðurbraut, botnlangann til norðurs, gagnvart Norðurbraut þar sem hún tengist Hraunbrún.

Ákvörðunin tekur gildi 15. maí 2001.

*Hafnarfirði, 5. apríl 2001.*

Sýslumaðurinn í Hafnarfirði,

**Guðmundur Sophusson.**

5. apríl 2001

Nr. 313

## AUGLÝSING

**um breytingu á auglýsingu nr. 69, 25 janúar 2001, um lista yfir viðurkennd ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins sem heimilt er að flytja inn sjávarafurðir, afurðir vatna og eldisfiska frá.**

1. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Heimilt er að flytja inn samlokur, skrápdýr, möttuldýr og sæsnigla frá eftirtöldum ríkjum enda komi sendingin frá viðurkenndum svæðum og starfsstöðvum sem eru á skrá Fiskistofu þar um:

|                      |
|----------------------|
| Ástralía             |
| Chíle                |
| Jamaíka <sup>1</sup> |
| Marokkó              |
| Perú                 |
| S-Kórea              |
| Túnis                |
| Tyrkland             |
| Tæland               |
| Víetnam              |

<sup>1</sup> Aðeins er heimilt að flytja inn sæsnigla.

2. gr.

Ákvörðun þessi er tekin á grundvelli 22. gr. laga nr. 55, 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum og tekur þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 5. apríl 2001.*

F. h. r.

**Arndís Á. Steinþórsdóttir.**

*Þórir Skarphéðinsson.*